

Hunter ehf.
Barmahlíð 13
105 Reykjavík

Reykjavík, 26. október 2021
UST202110-189/Þ.V.B.
09.08.02

Akstur utan vega vegna kvikmyndagerðar við Melhólnámu

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Hunter ehf., dagsett 20. október 2021, um leyfi til aksturs utan vega vegna kvikmyndatöku við Melhólnámu.

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er óheimilt að aka vélknúnum ökutækjum utan vega. Umhverfisstofnun er heimilt, ef nauðsyn krefur, að veita leyfi til þess að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna kvikmyndagerðar, ef ekki er unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt, sbr. 3. ml. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til að mynda pallbíl sem verður kyrrestæður á stíg. Undirlagið á stígnum er grófur mulningur eða mól sem hefur verið borin slóðann en um er að ræða 2,2 metra breiðan útivistarstíg sem nýttur er sem reið-, vélhjóla- og gönguslóð. Basecamp fyrir tókurnar verður staðsett í Melhólnámu. Eingöngu sá bíll sem á að taka upp, myndi keyra utan vega eftir stígnum um 500 metra leið til að komast á tókustað. Kort sem sýnir tókustað fylgdi með umsókn. Að tókum loknum verður mölin sem rótað verður upp í tengslum við tókunar lagfærð. Tökur færu fram 27. október 2021.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefnið ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á náttúrufar svæðisins sé þess gætt að bifreiðin og önnur tæki haldi sig á útivistarstígnum og farið sé eftir skilyrðum leyfisins. Stofnunin metur verkefnið líklegt til að hafa áhrif á aðra sem nýta svæðið rétt á meðan tökur fara fram en sé gætt að merkingum og hjáleidum þá ættu áhrifin að vera minniháttar.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Hunter ehf. fyrir sitt leyti leyfi fyrir akstri utan vega við Melhólnámu sbr. lýsingu hér að ofan þann 27. október 2021 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.

- Koma skal fyrir merkingum á tókustað um að leyfi fyrir verkefninu hafi fengist hjá Umhverfisstofnun og hvar hjáleiðir er að finna.
- Einungis skal aka pallbílnum að og innan skilgreinds tókustaðs. Afmá skal öll hjólför utan vega að framkvæmdum loknum.
- Forðast skal óparfa rask og takmarka skal vegalengdina sem keyrð yrði eins og hægt er. Óheimilt er að keyra utan stígstæðisins.
- Öðrum bifreiðum en þeirri sem á að mynda er óheimilt að keyra utan vega.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Afmá skal öll ummerki verkefnisins á svæðinu að því loknu.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Þess skal gætt við akstur utan vega að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast, sem stuðlar að náttúrulegu útliti og um leið afmá öll ummerki framkvæmdarinnar.
- Kvikmyndatökuliðið skal sýna öðrum gestum svæðisins tillitssemi og tryggja að tókurnar valdi eins litlu ónæði og hægt er.
- Tryggja skal hjáleiðir fyrir þá sem þurfa að komast um stíginn þar sem ekki er hætt á raski vegna ágangs og umferðar og/eða hleypa umferð eftir slóðanum milli þess sem tekið er upp.
- Ef myndefnið er ætlað til birtingar opinberlega skal það tekið fram í myndbandinu/myndatexta að leyfi Umhverfisstofnunar hafi fengist fyrir kvikmyndatökunni.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags þarf fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Ákvörðunin er kæránleg til umhverfis og auðlindaráðuneytisins skv. 26. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993, sbr. 2. mgr. 91. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 innan þriggja mánaða frá dagsetningu þessa bréfs.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna á grundvelli 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um akstur utan vega er kr. 39.400- sbr. 24. gr. a. í gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Inga Dóra Hrólfsdóttir
sviðsstjóri

René Biasone
sérfræðingur